

NES tíðindi

1. tbl. 1. árg. nóv. 1983

Efnispunktur

Umfram allt, að öfunda ekki aðra...

Viðtal við Rognvald Ólafsson

Tilbreytingaþörf – ekki gróðavon.

Fréttapistlar.

Íþróttir.

Nýtt hraðfrystihús

Hafnar eru framkvæmdir við nýtt hraðfrystihús á hafnarbakkanum í Rífi. Er núna um þessar mundir verið að ljúka við undirstöður undir húsið, en verkið er unnið af verktafaryrirtækinu Istak hf., sem á að skila húsinu fokheldu og fullkláruðu að utan.

Er hér um að ræða hús sem er ca. 2000 ferm að stærð og allt reist úr steypueningum, og er ætíunin að reyna að ljúka þeirri uppsetningu upp úr áramótunum.

Ekki er nokkur vafi á því að þetta hefur geysilega mikla hagræðingu í för með sér að reisa frystihúsið á hafnarbakkanum bæði hvað varðar allan aðflutning á hráefni og svo gæðum hráefnis. Því er svo ekki að neita að viss óhagræðing hlýtur að vera í því að hafa fyrirtækið svona tvískipt, saltfisksvinnslu á Hellissandi en frystinguna í Rífi.

V.H.



Bjartmundur Ingólfsson við nýju vélina.

Framkvæmdir við Rífsflugvöll

Í sumar hafa verið gerðar miklar endurbætur á flugvöllinum hér í Rífi. Var völlurinn allur hækkaður upp sem svarar til ca. 15–20 cm. Þá var völlurinn lengdur úr 800 m í 1000 m og slitlag sett á alla brautina. Eftir þessar endurbætur hefur því verið haldið fram að flugvöllumurinn í Rífi sé orðinn einn af 4–5 bestu flugvöllum landsins hvað varðar útbúnað og öryggi, en völlurinn er núna útbúinn öllum þeim lendingarljósbúnaði sem tíðkast á flugbrautum, aðflugshalljósum og aðflugsvita. Hefur umferð um völinn aukist ár frá ári og fer það mikið í vöxt að einkaflugvélar lendi hér.

Það var svo í sumar að hópur manna ákvað að athuga þann möguleika að fá hingað flugmennara. Varð þáttaka það góð að kennsla fór fram í nær allt sumar og hófu 15 manns nám, bæði frá Ólafsvík og héðan úr hreppi, en 10 hafa nú þegar lokið við svokallað sólópróf, sem felst í því að viðkomandi aðili má fljúga einn en ekki taka með sér farþega.

Í framhaldi af þessari kennslu keyptu síðan 5 aðilar sér flugvél af gerðinni Cessna 152 sem er 2 sæta eins hræflýs flugvél. Þeir eru: Bjartmundur Ingólfsson Gufuskálmur, Kristinn Ásbjörnsson Hellissandi, Lárus Einarsson Ólafsvík, Ómar Gílsfjörð Ólafsvík og Þorsteinn Bergþórsson Ólafsvík. En þessir ágætu framfarameinn láta ekki þar við sitja, því nú sem stendur eru þeir að reisa 200 ferm flugskýli við flugvöllinn. Á þetta flugskýli að rúma um 3 flugvélar af svipaðri stærð og þeirri sem þeir keyptu. Með þessum flugvéla kaupum geta þeir allaf sér þann flugtíma sem þeir þurfa upp í einkaflugmannspróf. Samhliða þessum framkvæmdum við skýlið hafa þeir verið að útbúa gamla flugvöllinn fyrir utan Gufuskála. Valta hann og setja svo kallaða hatta meðfram brautinni. Sá völlur er nú aftur nothæfur og er gaman til þess að vita, þar sem hann stendur á mjög fallegum stað.

En það virðist vera einkennileg áráttu sumra manna að rífa það niður sem upp er verið að byggja, því mikið hefur orðið vart við það að bíleigendur séu að gera sér ferð þangað út á völl og spæna hann upp og stórskemma, í staðinn fyrir að sja söma sinn í því að láta það ógert og láta sér nægja okkar ágætu vegi.

Bláðið óskar þessum ágætu mönnum góðs gengis í því máli sem þeir eru að byggja upp, því eitt er vist að það er ekki langur tími þangað til að flug fer að verða almennara hér um slóðir en verið hefur.

V.H.

**Munið okkarvinsælu föstudagstilboð!
Verslið þar sem vöruverðið er lægst!**



KAUPFÉLAG BORGFIÐINGA
Hellissandi – Sími 6611

**MATVÖRUR
BYGGINGAVÖRUR
VERKFÆRI
LEIKFÖNG
BÚSÁHÖLD
GJAFAVÖRUR
RAFTÆKI**

RITSTJÓRNARSPJALL

Kæri lesandi, með þessu fyrsta tölublaði af Nestiðindum hefur Hreggnasa, útgáfufélagi áhugafólks um frjálsa fjölmiðun í Neshreppi utan Ennis, tekist að hleypa af stokkunum blaði sem við vonumst til að þú takir vel.

Ætíunin er, að blað þetta fytji fréttir og fróðlegt efni hverskonar, ásamt því að vera vettvangur frjálsrar umræðu um hin ýmsu málefni.

Á undanförmum árum hefur svokölluðum staðarblöðum fjölgað til muna víðsvegar um land; flest þeirra hafa reynst góður vettvangur til umræðu um málefni viðkomandi byggðaríags. Það er auðvitað von okkar, að Nestiðinci geti einnig orðið það, því að heilbrigðar og heildarlegar umræður um allt

sem til heilla hortir, eru nauðsynlegar til fróðleiks og á stundum til að koma í veg fyrir óþarfa misskilning.

Blaðið hefur sett sér það markmið að stuðla að slíki umræðu, og hvetur þig lesandi góður til að taka þátt í henni, með því að senda blaðinu línur, um hvað eina sem þér liggur á hjarta, bæði til fróðleiks og skemmtunar.

Það að hefja útgáfu staðarblaðs er vissulega merkur viðburður sem ekki gerist á hverjum degi, þess vegna er mikils um vert að tilraun þessi takist, og blaðinu verði vel tekið.

Það er von okkar sem að þessu stöndum, að blaðið geti í framtíðinni orðið nokkur menningarhvatni, íbúum sveitarfélagsins til heilla.

G.M.K.

DAGBÓK

Slýsavarnardeildin Björg, sími formanns 6643.
Sími formanns bjorgunarsveitar 6703.

Lögreglan Ólafsvík, sími 6219.

Lögreglan Hellissandi, sími 6683. Viðtalstímar í félagsheimilinu Röst, mánudaga og miðvikudaga frá kl. 14.30 til 16.30 á fimmtudögum frá kl. 10.00 til 12.00 ásamt viðtalstíma fulltrúa sýslumanns og umboðsmanns almannatrygginga.

Slökkvilið Neshrepps u. E.: Slökkviliðsstjórn sími 6690, aðrir símar 6712, 6643, 6660, 6766 og 6744.

Heilsuæslustöðin Hellissandi, opið f. h. á mánudögum og þriðjudögum. Á föstudögum eftir hádegi, sími 6634.

Lyfjagreiðsla (Jóhanna Vigfúsdóttir Munaðarhlí 8) sími 6686.

Félagsheimilið Röst sími 6636.

Grunnskólinn Hellissandi sími 6618.

Íþróttahúsið Hellissandi sími 6710.

NES *lúðindi* 1. töl. 1. árg. 1983

Afgreiðsla
og auglýsingar:
Sími 93-6605

Útgefandi: Hreggnasi h.t.

Abyrgðarmáður: Vigfús Hjartarson.

Ritstjórn: Gunnar Már Kristófersson, Haukur Sigurðsson,

Jón Sigurðsson, Kristinn Kristjánsson, Sigfús Almarsson

Ljósmyndir: Ægir Þórðarson

Umsonn með prentvinnu: Hörður Árnason


Setning: Prentsmíðjan Hólar hf.

Prentun: Prentsmíðjan Víðey hf.

HESTAMENN

Eigum jafnan fyrirleggjandi:

**BRYNNINGARSKÁLAR
Í HESTHÚS
SKEIFUR OG HÓFFJADRIR
BEISLI OG MÚLA**




Ennfremur: **HESTAFÓÐUR STEINEFNI
SALTSTEINA**

foður
grasfræ
gírdlingarfræfi

**M
R**

**MJÓLKURFÉLAG
REYKJAVÍKUR**

Afgreiðsla Laugavegi 164. Sími 11125 og
Fóðurvænaugreiðsla Sundahöfn. Sími 82225



Rögnvaldur Ólafsson

Pegar Hraðfrystihús Hellissands brann í sumar var að vonum mikið rætt í fjölmöldum og manna á milli um það ástand sem skapaðist í atvinnu- málum byggðarlagsins og hvað væri framundan.

Að visu er það mjög eðlilegt. Þetta var atburður sem snerti svo marga. En í öllu þessu róti, virtist sem svo, að maðurinn sem stæði hefur í eldlin- unni um áraræðir, væri gleymdur. Enginn virtist hafa áhuga á að vita hver hann var, né hver viðbrögð hans voru við slíkar aðstæður. Nestiðindi vilja því bæta örlítið úr þessu. Hér koma svör Rögnvaldar Ólafssonar fram- kvæmdastjóra við nokkrum spurning- um blaðsins.

Hvenær hófst þú störf sem fram- kvæmdastjóri við Hraðfrystihús Hellissands?

Í byrjun apríl 1950 kom Sigurður Ágústsson, sem þá var orðinn þingmaður Snæfellinga, til mín og bað mig um að taka þetta starf að mér. Fyrirtækið hafði ekki verið starfrækt í heilt ár vegna fjár- hagsferliðleika. Eftir mikinn þrýsting féllst ég á að fara til Hellissands og líta á allar aðstæður. Það verð ég að segja, að að- koman var vægast sagt ómurlig. Ég hitti tvo veltjóra sem störfuðu við fyrirtækið. Skýrðu þeir frá ástandi véla og tækja og þeim erfiðleikum sem frystihúsið væri í. Var lýsing þeirra ljót og ekki uppörvandi. Eftir mikla umhugsun sagðist ég taka

Viðtal við Rögnvald Ólafsson

þetta að mér í eitt ár, að þremur skilyrðum uppfylltum.

Í byrjun desember taldi stjórn frysti- hússins að skilyrðum mínum væri full- nægt. Ég tók svo formlega við starfinu 10. des. 1950.

Hvaða áfangar í sögu frystihússins eru þér minnisverðastir síðan þú tókst við starfinu?

Það er enginn áfangi öðrum fremur sem mér er sérstaklega minnisstæður, nema ef vera skyldi þegar ég fékk góttuni lokað á milli frystihússins og verksmið- unnar eftir margra ára baráttu.

Afangarnir eru orðnir margir á þessum árum, alltaf verð að byggja og bæta eftir því sem ástæður leyfðu, svo að fyrirtækið var komið í gott horf. Segja má, að gera hefði mátt betur, en ég reyndi að sjá fót- um mínum forráð og fjárhagurinn mark- aði básinn.

Þú varst líka um tíma útgerðarmaður. Var það gróðavonin eða var það ævin- týramennska sem hvatti þig til þess?

Útgerðarmaður. Ölu má nú nafn gefa. Það mun hafa verið árið 1955, sem þri- menn hér í þorpinu komu til mín og báðu mig að kaupa með sér bát sem verið var að smíða í Danmörku. Ef þið teljið að ég geti orðið ykkur að liði, stendur ekki á mér, var mitt svar.

Þessi bátur, sem hlaut nafnið Breið- firðingur, var keyptur og gerður út í tæp fjögur ár, en síðan seldur. Við töpuðum engu – og þótti góður árangur. Þegar búið var að selja Breiðfirðing, fór ég að hugsa um að kaupa annan bát til hráefn- isöflunar fyrir frystihúsið. Mér stóð til boða 50 smálesta bátur í Grindavík, sem hét Sæborg. Eg skoðaði þennan bát og leist vel á hann. Eg kallaði saman stjórn frystihússins og sagði þeim hvað hugur minn stæði til. Þá varð ég fyrir miklum vonbrigðum. Meirihluti stjórnar feldi þessa tillögu mína og er það eina tillagan sem hefur verið felld af öllum þeim sem ég hef lagt til í mínu starfi.

Nú voru góð ráð dýr. Ég er þekktur fyrir annað en að gefast upp, því ég taldi mig vera búinn að segja of mikið við væntan- lega seljendur, í því trausti að minar hug- myndir yrðu samþykktar. Þegar hér var komið sögu gekk ég á fund Péturs Bene- diktssonar, bankastjóra Landsbanka Ís- lands, og sagði honum hvernig komið væri. Svar hans var: Ef áhugi þinn er fyrir honni, þá skiptir engu máli af bankans hálfu, hvort þú ert kaupandinn eða frysti- húsið. Okkur er eins ljúft að hjálpa þér.

Ég gerði Sæborgu út í nokkur ár og slapp við að græða krónu. Þannig er min útgerðarsaga. Hvorki gróðavon né ævin- týramennska.

Erstu samt ekki orðinn vellirur eftir öll þessi ár?

Vellirur. Hvað er nú það? Ég er ríkur af reynslu og hvaða fyrir því sem ég tek mér fyrir hendur.

Ef þú meinar fjárhagslega ríkur, þá er það mesti misskilningur. Ég er nægju- samur og ekki með kröfugerð, hvað sjálf- unnar mig varðar. Auðæfi skapa enga ham- ingju. Það er gott að hafa í sig og á. Ég læt hverjum degi nægja sína þjáningu. Um- fram allt, að öfunda ekki aðra. Það fer oft svo, að margur hyggur auð í annars garði.

Hvernig varð þér við þegar frystihúsið var orðin rjúkandi rúst?

Því verður ekki lýst með orðum, þegar ævistarfið gufar upp á 4 klukkustundum. Ég var staddur inni í Dólum þegar fréttin kom í hádegisútarpinu.

Á heimleiðinni fór ég gætilega, allt var um seinan að gera eitthvert gagn. Ekki gat ég fengið mig til að fara að rústumum fyrr en kl. 7 um kvöldið og láí mér hver sem vill. Svefnpillur hefði ég aldrei notað, sú fyrsta og eina fór ofan í mig um nóttina. **Erstu bjartsýnn á rekstur fyrirtækisins, þar sem það verður staðsett á hafnar- bakknum í Rífi?**

Þegar stórt er spurt, verður lítið um svör. Þeir sem leggja út í mikinn fjár- magnskostnað og verðbólgan verður eins mikil á næstu árum eins og undan- farin ár, er reksturinn vonlaus.

Ef verðbólgan verður stöðvuð, gengið sett fast og þar af leiðandi lágir vextir, get ég verið bjartsýnn.

Að byggja nýtt frystihús á hafnarbakk- anum í Rífi við eðlilegar aðstæður er spennandi verkefni, því Rífi verður vonandi framtiðarstaður.

Það eru ýmsir kostir að hafa frystihús við höfnina, en skapar fyrirtækinu jafn- framt erfiðleika að hafa reksturinn á tveimur stöðum. Þetta hljóta allir að gera sér ljóst.

Finnst þér starf þitt hjá fyrirtækinu vel heppnað dagsverk?

Það verða aðrir að dæma um. En þegar upp er staðið get ég ekki verið óánægður með starf mitt, enda þótt ég geri mér fylli- lega ljóst, að ýmislegt hefði betur mátt fara.

K.K.

Sameining

Í 9. tbl. Ólsarans kemur fram að bæjarstjórn Ólafsvíkur hefur samþykkt að fara þess á leit við hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis að láta kanna hagkvæmni hagsanlegrar sameiningar sveitarfélaga-anna.

Blaðamaður Nestiðinda bar þetta undir Auðun Bjarna Ólafsson sveitarstjóra. Hann sagði að bréf varðandi þetta mál hefði borist frá Ólafsvíkingum þ. 29. okt. og var það tekið fyrir á hreppsnefndarfundum þ. 30. okt. Þar var þetta samþykkt einróma. Ennfremur sagði hann, að ætlunin væri að láta gera þessa hlutlausu úttekt í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

JS.

SNÆFELLINGAR:

Höfum opnað verzlun að Hraunási 12, Hellissandi.

Á boðstólum er meðal annars:
Vefnaðarvara og smávara til sauma, nærfatnaður, vinnufatnaður, handavinna, garn og skófatnaður ásamt ýmsu fleira.

Opnið alla virka daga frá kl.
10 til 12 og frá kl. 14 til 18.
Ög á laugardögum frá kl. 14 til 16.

Verzlunin Garður.

ATHUGIÐ!

Höfum mikið úrval af sælgæti, ýmsum nýlenduvörum, hreinlætis- og snyrtivörum.
Verið velkomin.

Söluskálinn Tröð.



Dóra Hervarðsdóttir og Bjarnheiður Gísladóttir, eigendur verzlunarinnar Garður.

Tilbreytingarpörf – ekki gróðavon

Nýlega var opnað að Hraunási 12 vefnaðarvöruverzlunin Garður. Eigendur verzlunarinnar eru þær Bjarnheiður Gísladóttir og Dóra Hervarðsdóttir.

Blaðamaður Nestiðinda heimsótti þær stöllur og tók þær tali.

Fyrst inni ég þær eftir hvernig hugmyndin að stofnun verzlunarinnar varð til. Þær sögðust hafa átt sér þennan draum í mörg ár, og hugmyndin væri til komin vegna nauðsynjar á svona verzlun hér í byggðarlöginu; þessa þjónustu hafi vantað hér alla tíð og það væri von þeirra að nú hefðu þær bætt úr brýnni þörf.

Aðspurðar sögðu þær að vissulega væri dýrt og áhættusamt að hleypa svona verzlun af stökunum, en þær treystu á að fólk leitaði ekki langt yfir skammt og verlaði þá vöru hér sem hægt er að fá í stað þess að fara til Reykjavíkur eða annað til þess að afla sér fanga.

Ekki voru verzlunarkonurnar allskostar ánægðar með þá aðdróttun blaðamanns að gróðavonin hefði rekið þær út í þennan rekstur.

„Við verðum alsælur ef verzlunin stendur undir sér og getur greitt okkur kaup þegar fram liða stundir. Það er eiginlega tilbreytingarpörfin sem rak okkur af stað í þetta fyrirtæki miklu fremur en gróðavonin. Ef við getum greitt okkur kaup í sviðuðu hlutfalli og fiskvinna gefur fyrir sama tímafjölda og við komum til með að eyða hér í verzluninni, er takmarkinu eiginlega náð. Við vitum að vissulega verður langt í það, en þangað til verðum við bara að treysta rekstrargrundvöllinn og koma fyrirtækinu í fullan gang.“

Nestiðindi óska þeim stóllum til hamingju með fyrirtækið og vona að þeim megi takast að ná settu marki svo að þorpsbúar geti notið þeirrar sjálfsoðnu þjónustu sem verzlunin kemur til með að veita.

H.M.S.

Neshreppur utan Ennis

Starf umsjónarmanns skólamanntvirkja er laust til umsóknar.
Upplýsingar veitir sveitarstjóri á skrifstofu Neshrepps, sími 6637.

INGJALDSHÓLSKIRKJA 80 ÁRA



Um það leyti sem blaðið var að fara í prentun höfðum við fregnir af því, að halda ætti upp á 80 ára afmæli Ingjaldshólskirkju þ. 13. nóv. með hátíðarguðsþjónustu í kirkjunni og kaffisamsæti í félagshelminu Röst á eftir. Afmæli kirkjunnar var reyndar þ. 11. okt. sl., en af ýmsum ástæðum var ekki hægt að minnst þess þá.

Ingjaldshólskirkja er fyrsta steypa kirkjuhús á Íslandi. Staðurinn og kirkjan á sér langa sögu og all merkilega.

Nánar verður sagt frá þessum hátíðarhöldum og sögu kirkjunnar í næsta tölublaði, sem kemur út í desember.

V.H.

Lögtaksúrskurður

Samkvæmt kröfu sveitarstjóra Neshrepps utan Ennis úrskurðast hér með lögtak fyrir ógreiddum, gjaldföllnum fasteignaskatti, útsvari, vatnsskatti, holræsagjaldi, hreinsigjöldum og lóðargjöldum til Neshrepps utan Ennis, álgöðum 1983 og eldri, allt að viðbættum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði.

Lögtak má fara fram fyrir ofangreindum gjöldum að liðnum átta dögum frá birtingu þessa úrskurðar ef ekki verða gerð skil fyrir þann tíma.

Skrifstofa Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Stykkishólmí 22. sept. 1983.

Skjalapjónustan

Ef þú ert að selja eða kaupa bíl, hús

Tökum að okkur alhliða skjalapjónustu, ásamt frágangi kaupsamninga og vèdskuldabréfa á fasteignum, bátum og bílum.

Húseignirnar að Hellisbraut 7 (efri hæð og bílskur) og að Bárðarási 2, Hellissandi, eru til sölu.

Allar upplýsingar gefa Vigfús í síma 6789 og Haukur í síma 6787.

Til sölu Daihatsu Charmant, árgerð 1979. Skipti á ódýrari bíl koma til greina. Einnig til sölu Mercury Comet, árg. 1973 6 cyl., sparneytinn, í góðu ástandi. Upplýsingar gefa Vigfús í síma 6789 og Haukur í síma 6787.

SKJALAPJÓNUSTAN

Vigfús og Haukur í símunum 6789 og 6787 eftir kl. 19.30 á kvöldin og frá 13 til 17 á laugardögum og sunnudögum.

ÍPRÓTTIR



Efri röð: Rögvaldur Ö. Jónsson, Steinn Sigurðsson, Arnar Friðgerðsson, Ásberg Helgason, Gunnar Ó. Sigmarrson, Ingólfur Bjargmundsson. **Neðri röð:** Ágústa Kristleifsdóttir, Valgerður M. Ægisdóttir, Bergþóra Kristinsdóttir, Patricia Clark, Þórhildur Kristleifsson.

Nú þegar vetur er genginn í garð og vertið ungmennafélagsins lokið, er ekki úr vegi að segja órlítið frá íþróttavíðurbörum sumarsins.

Knattspyrnan var með minnsta móti í sumar vegna mannlæðar. Aðeins tveir flokkar tóku þátt á Íslandsmóti þ. e. a. s. 2. flokkur og 5. flokkur drengja. 2. flokkur lék aðeins þrjá leiki, en þá urðum við að draga liðið úr keppninni vegna skorts á leikmönnum. 5. flokkur lék 8 leiki, vann 3, gerði eitt jafntefli og mátti þola fjögur tóþ. Þeir lentu í fjórða sæti í sínum röð.

Á héraðsmótið voru sendir þrjú flokkar og urðu þeir allir í þriðja sæti í sínum röðum.

Í sumar var í fyrsta sinn haldið héraðsmót í knattspyrnu kvenna, sem U.M.F. Reykir sóu um. Þar lentu Reykisíþróttarnar í æðisþennandi úrslitaleik við Snæfelli. Að venjulegum leiktíma liðnum var staðan jöfn: 0-0, en í framlengingu tók Snæfelli að tryggja sér sig með einu markí gegn engu. Með þessum glæsilega árangri má segja að þær hafi slegið drengjunum við í knattspyrnunni í sumar.

Frjálsar íþróttir voru aftur æðfær eftir langt hlé. Það kom berlega í ljós að við eigum marga efnilega frjálsíþróttamenn. Lið frá okkur tóku þátt í héraðsmótum barna og unglíngja. Í barnamóti höfnuðum við í 3. sæti og í 4. sæti í unglíngamóti. Alls tóku 6 lið þátt í þessum mótum. Þá voru tveir keppendur frá okkur valdir í héraðsliðið, er tók þátt í meistaramóti Íslands, þau Hildigunnur Smáradóttir og Þórhildur Kristleifsson. Í ágúst héldum við meistaramót Reykis í



Efri röð: Kristján Sæmundsson, Trausti Ægisson, Rafn Kristjánsson, Ása Gunnarsdóttir, Kristjana Kristinsdóttir. **Neðri röð:** William Clark, Sigfríður Söphusdóttir, Hafdis Steingrimsdóttir.



Efri röð: Halldór Kristinsson, Guðbjörg Kristinsdóttir, Júníana Ötarsdóttir, Svana Kristjánsdóttir, Þgveldur Ragnarsdóttir, Ásgerður A. Friðbjörnsdóttir, Einar I. Reynisson. **Neðri röð:** Jóhann S. Söphusson, Alexander Kristinsson, Snædis Hjartardóttir, Rebecca Clark, Rögvaldur Ólafsson, Matthías Kristjánsson.

frjálsum íþróttum og eru myndirnar hér á síðunni af sigurvegurum mótsins.

Tekin var upp sú nýbreytni í sumar að vera með leiknámskeið fyrir börn 6-8 ára. Þessi námskeið urðu strax vinsæl og aðsókn mikil, 29 börn þegar mest var. Munum við leggja mikla áherslu á að halda áfram á sömu braut næsta sumar.

Öll þjálfun í sumar var alfarið í höndum tveggja manna, þeirra Viðars Gyllfasonar og Sigurjóns Magnússonar. Stjórn Ungmennafélagsins vill nota þetta tækifæri og þakka þeim fyrir vel unnin störf.

Vetrarstarfssemin er nú komin í fullan gang hjá okkur; má þar nefna tíma í íþróttahúsinu fyrir börn og unglíngja og einnig frúarleikfími. Þá er að geta þess að fjárförun fyrir starfsemi næsta sumars er að hefjast hjá okkur og biðjum við hreppsþúa að taka vel félagsmönnum okkar er þeir banka upp á, á næsta mánuði. Með fyrirfram þökk. JS.

Efri röð: Viggó Hilmarrson, Friðbjófur Sævarsson, Örn Smáráson.

Neðri röð: Snædis Kristinsdóttir, Iris Bjargmundardóttir, Bryndis Halldórsdóttir.



